

## 20. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund föstudaginn 6. október 2006 kl. 16.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Erla Friðriksdóttir, Katrín Pálsdóttir, Hreinn Þorkelsson, Ingi B. Ingason, Matthías Arnar Þorgrímsson, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Guðfinna A. Diego og Vignir Sveinsson.

1. Erindisbréf  
Erindisbréf lagt fyrir. Erla útskýrir erindisbréf, nefndarmenn beðnir um að kynna sér það.
2. Skýrslur forstöðumanna  
VS sagði frá starfseminni í íþróttamiðstöðinni. Miklar mannabreytingar hafa verið í ár. Betri nýting á íþróttasal. Áhugi fyrir að standa aftur fyrir "kósýkvöldum" í lauginni. VS farinn að spá í framkvæmdum fyrir næsta ár, tillögur t.d. útdregnir áhorfendabekkir, gufubað eða útiklefar.  
  
GD félagsmiðstöðinni lokað 1. maí, byrjað aftur 19. sept. Seinkun vegna málningarvinnu. Góð aðsókn það sem af er. Opið fjögur kvöld í viku, lokað föstudaga, nema þegar e-h uppákomur eru. Lokað þá fimmtudaga sem heimaleikir eru. Framundan Stíll, æskulýðsballið í Borgarnesi o.fl. Áhugi á að taka þátt í söngvakeppni félagsmiðstöðva. Langar að koma upp eldhúsi, margvísleg not, t.d. matarklúbbur. Gott samstarf við Grundfirðinga og Ólsara.
3. Ungmennaráð.  
Tillaga um fimm manna ungmennaráð, Erla útskýrir tilgang ungmennaráðs. Tilnefningar í ráðið: Sigrún Sævarsdóttir, Auður Hinriksdóttir, Gísli Grétarsson, Ísak Hilmarrson og Drífa Árnadóttir, öll mjög áhugasöm. Þau samþykkt einróma. Þau verði höfð með í ráðum um erindisbréf, sem yrði stefnumarkandi. HÞ ræddi um að þau hafi sprotann í höndunum og lögð áhersla á þau ungmenni sem ekki eru á kafi í íþróttum, t.d. hljóðblöndun, hljómsveitaraðstaða, myndbandavinnsla og fl. Ráð kynni sér starfsemi annara. VS lagði til aðstöðu til fundarhalda í fundarherbergi Snæfells í íþróttamiðstöð. Almennar umræður.
4. Gjaldskrá sundlaugar.  
Tillaga um breytta gjaldskrá sundlaugar með tilliti til barna og fjölskyldna. HÞ með tillögu um að frítt yrði uppí 10 ára og fullorðinsgjald yrði frá 16 ára. VS falið að ræða við sitt fólk um þeirra skoðun á málinu og hvernig þessu er háttað annarsstaðar. VS lagði fram tillögu að hækkan á gjaldskrá sem ekki hefur hækkað síðan 1. jan. 03.
5. Önnur mál

Margrét Ebba Ísleifsdóttir, fundarritari (sign.)

Katrín Pálsdóttir (sign.)